

REGLUGERÐ

um umhverfismál á Evrópska efnahagssvæðinu.

1. gr.

Með vísun til meginmáls samnings um Evrópskt efnahagssvæði, viðauka XX, ásamt viðbótum og breytingum, bókunar 1 við samninginn og annarra ákvæða, öðlast eftirtaldar reglugerðir ráðs ESB gildi hér á landi.

2. gr.

Eftirtaldar gerðir öðlast því gildi hér á landi sbr. 1. gr.

- a) Reglugerð ráðsins (EBE) nr. 1836/93 um frjálsa aðild iðnfyrirtækja að umhverfismála- og vistúttektarkerfi bandalagsins.
- b) Reglugerð ráðsins (EBE) nr. 259/93 um umsjón og eftirlit með flutningi úrgangs innan, til og út úr Evrópubandalaginu.
- c) Reglugerð ráðsins (EBE) nr. 880/92 um kerfi um veitingu vistmerkis EB.

3. gr.

ESB-gerðir sem vísað er til í 2. gr. reglugerðar þessarar eru birtar í sértili, sbr. auglýsingu í C deild Stjórnartíðinda nr. 31/1993.

Umhverfisráðuneytið mun gefa út í sérstakri handbók, sem hægt verður að fá hjá Hollustuvernd ríkisins, upplýsingar um reglugerðir EES á sviði umhverfismála.

4. gr.

Reglugerð þessi sem sett er með heimild í 3. gr. laga nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit ásamt síðari breytingum, sbr. lög nr. 65/1994, öðlast þegar gildi.

Umhverfisráðuneytið, 27. júní 1994.

Össur Skarphéðinsson.

Magnús Jóhannesson.